

3. gr.

Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma vegna trygginga á útflutningslánnum eða öðrum kröfum má nema samtals 250 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánnum skulu lagðar fyrir fjögurra manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna auk þess sem hún ákveður, með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs.

Nefndin ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum eftir taxa, sem ákveðinn er skv. 6. gr. Einnig úrskurðar hún um tjónabætur, en skjóta má þeim úrskurði til fjármálaráðherra.

5. gr.

Tryggingardeildin tryggir gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eða stjórn-málalegs eðlis. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um efni og eðli þeirra áhættuflokka, sem um getur verið að ræða.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður iðgjaldtaxta tryggingardeildar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð deildarinnar og skal honum varið til greiðslu tjóna, sem kunna að verða. Nú er eigi fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu tjónsbóta, og skal þá það, sem á vantar, greiðast úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn aðila þeirra, sem nefndir eru í 4. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja

af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrir en komið er út úr íslenskri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1968 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	730
01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið	33 712
02 Utanríkisráðuneytið	15 983
03 Atvinnumálaráðuneytið	358 514
04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	73 571
05 Félagsmálaráðuneytið	86 317
06 Fjármálaráðuneytið	73 758
07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	138 059
09 Hagstofa Íslands	305
10 Ríkisendurskoðun	1 091
	Samtals 782 040

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.